





Nú flokkum við í fjórar tunnur!

Samræming úrgangsflokkunar

Leiðbeiningar til íbúa



Nýtt samræmt flokkunarkerfi


Með síðustu breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs var komið á samræmdu flokkunarkerfi yfir allt land. Þetta er mikilvægt fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis á Íslandi og stórt framfaraskref þar sem sýnt hefur verið fram á að sérsöfnun á hráefni leiði til meiri og betri flokkunar.

Nýja flokkunarkerfið byggir á sérsöfnun á eftirfarandi flokkum við íbúðarhús:

- Pappír og pappi
- Plastumbúðir
- Lífrænn eldhúsúrgangur
- Almennt sorp

Þá er sveitarfélögum einnig skylt að nota samræmdar flokkunarkerkingar sem mun einfalda fólki mikið við flokkun. Merkingarnar eru samnorrænar og mikið af innfluttum vörum frá Norðurlöndunum eru nú þegar merktar með þessum merkjum til að leiðbeina neytendum hvernig skuli flokka. Frekari flokkunarleiðbeiningar má finna á heimasíðu Íslenska gámafélagsins.

Nú er þitt sveitarfélag að hefja innleiðingu á þessu nýja kerfi og því bætist við ílát á þitt heimili ásamt því að tunnurnar sem fyrir eru verða endurmerktar. Í dreifbýli verður ílátið fyrir pappa 660ltr en 240ltr í þéttbýli. Öðrum flokkum sem til falla á heimilinu má skila á grenndarstöðvar eða gámasvæði.



Pappír

Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír

Pappi

Bylgjupappi, fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar og eggjabakkar.




Plastumbúðir

Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrúsar, skyrdósir og plastfilma



Almennt sorp

Óhreinar umbúðir og annað óendurvinnanlegt eins og bleyjur og tyggjó



Matarleifar

Ávextir og grænmeti, brauð, kaffikorgur, kjöt- og fiskafgangar, pasta, kartöflur, eggjaskurn, tannstönglar og servíettur.



VISSIR ÞÚ AÐ...

...spilliefni innihalda efni sem eru skaðleg umhverfi og heilsu fólks og eiga því alls ekki að fara með almennu sorpi?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...endurvinnsluhráefni þarf að vera hreint til að nýtast til endurvinnslu?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...til falla 50milljón tonn af raftækjum árlega á heimsvísu?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...illa flokkað endurvinnsluhráefni eða óhreint er ekki hæft til endurvinnslu, er það losað sem almennt sorp?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...endurvinnsla á 1 tonni af plasti sparar 2600 lítra af olíu?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...með því að jarðgera lífrænan eldhúsúrgang nýtast næringarefnin frá matarleifum til uppgræðslu og ræktunar?

VISSIR ÞÚ AÐ...

...endurvinnsla á 1 tonni af pappír sparar um 4000 kwh af rafmagni?

HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM !